



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. fjárlaganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. nóvember 2022

2210005SA GB  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Umsögn um frv. til fjárukalaga 2022, 409. mál**

Samband íslenskra sveitarfélaga veitir hér umsögn um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2022.

#### **Almennt**

Í frumvarpinu er almennt fremur lítið vikið að málefnum sveitarstjórnarstigsins. Jákvætt er þó að í umfjöllun um málefnasvið 8 – Sveitarstjórnar- og byggðamál - kemur fram að vegna hærri skatttekna ríkissjóðs en áður var áætlað hækka heildarframlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 2.230 m.kr. eða um 8,4% miðað við áætlun í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Annars vegar er um að ræða 1.830 m.kr. hækkun til samræmis við endurskoðaða áætlun um lögbundin framlög til sjóðsins af innheimtum skatttekjum og tryggingagjöldum ársins og útsvarsstofni árið 2021. Hins vegar er lögð til 400 m.kr. leiðrétting vegna uppgjors á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2021.

Einnig er jákvætt að á málefnasviði 18 - Íþróttar- og æskulýðsmál - og 29 - Fjölskyldumál - er lagt til að fjárheimildir verði auknar umtalsvert vegna mótvægisáðgerða til að draga úr neikvæðum afleiðingum Covid-19 heimsfaraldursins, bæði hjá ungmennum og eldri borgurum.

Þá er jákvætt að lagt er til að fjárheimild á málefnasviði 19 - Innflytjenda- og flóttamannamál - verði aukin um tæpar 300 m.kr., m.a. til að fjármagna samræmda móttöku flóttafólks. Fram kemur í skýringum að óvissa ríkir um verkefnið vegna fjölda flóttafólks en áætlanir gera ráð fyrir að heildarfjárþörf vegna samninganna verði 695 m.kr. Gert er ráð fyrir að hluta af fjárþörfinni verði mætt með útgjaldasvigrúmi sem er til staðar innan málaflokksins. Einnig er gert ráð fyrir auknum framlögum til íslenskukennslu fyrir útlendinga, sem er jákvætt skref.

Fjöl margar aðrar tillögur væri einnig hægt að tilgreina, svo sem tillögu um 100 m.kr. fjárheimild til að stytta biðlista eftir þjónustu á vegum stjórnvalda fyrir börn og fjölskyldur þeirra m.a. hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð. Vert er að taka sérstaklega fram að beðið er niðurstöðu starfshóps um vanda barna með fjölþættan vanda og má vænta þess að þegar þær liggja fyrir verði lögð áhersla á að ná samtali við fjárlaganefnd um auknar fjárheimildir til aðgerða sem hægt væri að ráðast í strax á næsta ári. Einstaklingum í þessum hópi hefur fjölgað umtalsvert og er mikilvægt að gripið verði markvissra og fjölþættra aðgerða til að vinna hratt ofan af þeirri þróun.

## Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk

Í umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023 er gerð ítarleg grein fyrir þeim vanda sem við blasir í fjármögnun þjónustu við fatlað fólk. Fyrir liggur ítarleg skýrsla um umfang þess vanda, sem er án efa helsta ógnunin við fjárhagslega sjálfbærni sveitarstjórnarstigsins ásamt því að ógna framþróun í uppbyggingu þjónustu málaflokksins á komandi árum. Í umsögn sambandsins er einnig fjallað um stöðu innleiðingar NPA þjónustu, ásamt því að vísað er til umsagna NPA-miðstöðvarinnar, Öryrkjabandalagsins og Reykjavíkurborgar um sama efni. Frá því að þær umsagnir komu fram hafa fulltrúar framangreindra aðila átt samtalið við forsætisráðherra og félagsmálaráðherra til að fylgja umsögnunum eftir. Ljóst er að hér er um að ræða málefni sem ekki þolir bið og þarf að tryggja að lagabreyting gangi fram á haustþingi.


Fyrir liggja upplýsingar um að á árinu 2021 hafi halli á málaflokksnum aukist enn, umfram það sem fram kemur í fyrrnefndri skýrslu starfshóps sem unnið hefur tillögur um endurskoðun laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir ásamt því að greina rekstur málaflokksins. Fjárhagslegt umfang vandans á síðasta ári nemur um **13,7 ma.kr.** sem er rekstarhalli sveitarfélaga í þessum málaflokki á árinu 2021.

Sambandið gengur út frá því að fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár liggja fyrir samkomulag eða a.m.k. sameiginlegur skilningur ríkis og sveitarfélaga um viðbótarfjármögnun til að taka á vaxandi hallarekstri í málaflokksnum. Það er þó langt frá því nægjanlegt að tekið verði á vandanum á næsta ári því vandinn er nú þegar mjög mikill. Tækifæri er til þess að koma verulega til móts við sveitarfélögin í **fjáraukalögum þessa árs** og hefur sambandið væntingar til þess að vilji sé til þess, bæði hjá ríkisstjórn og Alþingi, að tryggja sveitarfélögunum stuðning sem hjálpi þeim út úr þeirri erfiðu stöðu sem við blasir. **Þess er vænst að stuðningurinn á þessu ári nemi a.m.k. 6,8 ma.kr. sem er tæplega helmingur fyrrgreinds halla á árinu 2021.**

Fulltrúar sambandsins óska eftir því að fá tækifæri til að hitta nefndina til að ræða málið frekar. Að öðru leyti vísar sambandið til [umsagnar sinnar um frumvarp til fjárlaga](#) ásamt [umsagnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu](#) um frv. til fjáraukalaga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri